

**Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026**

ÍSLE1UA05

Kennari	Telma Rut Eiríksdóttir, telma.eiriksdottir@fss.is	
Viðtalstími	Mánudagar klukkan 14:00-14:40	
Námsefni	Unnið verður með glæpasöguna Betty eftir Arnald Indriðason, nemendur kaupa verkefnahefti sem kennari hefur tekið saman. Einnig fá nemendur efni frá kennara.	
Áfangalýsing	Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar. Nemendur fá þjálfun í fjölbreyttri ritun og tjáningu en læra jafnframt að meta góða málnotkun og öðlast trú á eigin málhæfni í ræðu og riti. <u>Áfanginn er jafngildisáfangi ÍSLE1FA05.</u>	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að ná áfanganum þarf meðaleinkunn upp á 4,5 úr öllum prófum/verkefnum á önninni. Samanlögð vinnueinkunn þarf því að vera lágmark 4,5. Hvert tímapróf/verkefni er aðeins hægt að þreyta einu sinni. Ef engin skýring er á fjarvist nemenda í tímaprófi þá hefur hann fyrirgert rétti sínum til að taka það próf. Eftir að miðannarmat hefur verið gert opinbert er EKKI hægt að skila verkefnum eða taka próf sem gilda inn í miðannarmatið.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Betty	50%
	Stafsetning	5%
	Ljóð og dægurlög	5%
	Málfræði og málnotkun	15%
	Ritunarverkefni	15%
	Hlaðvarp	5%
Kvikmyndaverkefni	5%	

Reglur áfanga	Í kennslustundum í íslensku er símafrí nema kennarinn ákveði/leyfi annað. Símar skulu að jafnaði vera geymdir á símahóteli og settir þar í upphafi kennslustundar.
Annað sem kennari vill láta koma fram	Mikilvægt er að nemendur mæti undirbúnir í kennslustundir og með viðeigandi gögn meðferðis. Þá er ætlast til að þeir sækir allar kennslustundir og skili öllum verkefnum á réttum tíma.
Grunnpættir menntunar	Læsi er tengdur við alla áfanga í íslensku. Lögð er áhersla á að lesa ólíka texta og vinna með þá, bæði skriflega og með öðrum hætti. Nemendur eiga reglulega að færa hugsanir sínar í orð. Sjálfbærni er tengd við námsefnið, t.d. með ólíkum textum sem unnið er með í öllum áföngum íslensku. Ýmis álitamál og ágreiningsefni eru tekin til umfjöllunar með ólíkum hætti. Heilbrigði og velferð eru höfð að leiðarljósi inni í kennslustundum. Lögð er áhersla á góð samskipti, bæði milli nemenda sem og nemenda og kennara. Með fjölbreyttu námsmati er komið til móts við nemendur þar sem stuðlað er að jákvæðri sjálfsmynd þeirra. Lýðræði og mannréttindi tengist öllum áföngum í íslensku. Unnið er markmisst með ábyrgð nemenda á eigin námi. Kennarar taka tillit til áhuga nemenda, bæði hvað varðar námsefni og úrvinnslu verkefna. Unnið er með jafnrétti í öllum áföngum í íslensku, bæði með ólíkum textum sem unnið er með en einnig með því að þjálfar nemendur í samskiptum. Viðfangsefni grundvallast af jafnræði og jafnrétti. Sköpun er höfð að leiðarljósi í útfærslu ýmissa verkefna sem unnin eru. Lögð er áhersla á að nemendur viðhafi gagnrýna hugsun og leiti lausna við vinnslu verkefna, með því að nýta tækni á frumlegan og hagnýtan hátt.

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • mikilvægi lestrar • mismunandi aðferðum við lestur • mikilvægi þess að geta áttað sig á aðalatriðum í texta • mikilvægi réttritunar • helstu hjálpargögnum við ritun	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nota mismunandi lestrartækni við lestur mismunandi texta • taka aðalatriði úr texta og átta sig á meginefni hans • koma frá sér texta á rituðu máli • nota viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • ákvarða hvaða lestraraðferðum skuli beitt við hinar ýmsu textagerðir • dýpka lesskilning sinn • styrkja eigin mál- og ritfærni • túlka texta þó merkingin liggi ekki á yfirborðinu • endursegja lengri sögu á sannfærandi hátt og lýsa flóknum aðstæðum með skýrum og einföldum hætti án málalenginga	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Ritgerð / Skýrsla	15 klst.	15 klst.
Alls		107 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanga og námsefni hans. Ritun, stafsetning, lesskilningur	Stafsetningarverkefni Ritunarverkefni 1
2. vika 24.-28. ágúst	Hlaðvarpsverkefni Bókmenntahugtök og málsnið	Hlaðvarpsverkefni
3. vika 31. ágúst-4. september	Betty (kaflar 1-3) Stafsetning og málfræði	Verkefni (safnað í möppu)
4. vika 7.-11. september	Betty (kaflar 4-7) Lesskilningur og orðaforði	Verkefni Ritunarverkefni 2
5. vika 14.-18. september	Betty (kaflar 8-11) Málfræði og orðaforði <i>Kennsla fellur niður 14.9. vegna samskiptadags á framhaldsskólabraut starfsbraut</i>	Verkefni Próf 1 úr Betty
6. vika 21.-25. september	Betty (kaflar 12-16) Orðasambönd og málshættir	Verkefni
7. vika 28. september-2. október	Betty (kaflar 17-21) Stafsetning	Verkefni Könnun- orðtök/málshættir Próf 2 úr Betty
8. vika 5.-9. október	Betty (kaflar 22-25) Málfræði og stafsetning	Verkefni
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Vetrarfrí (bls. 177-213) Málfræði Stoðtími	Verkefni
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Betty (kaflar 26-29) Stafsetning, málfræði og orðasambönd	Verkefni Málfræðikönnun Próf 3 úr Betty
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Betty (kaflar 30-síðar) Vetrarfrí upprifjun	Verkefni Skil á verkefnamöppu
12. vika 2.-6. nóvember	Kvikmynd	Kvikmyndaverkefni
13. vika 9.-13. nóvember	Ljóð og dægurlög	Stafsetningarpróf
14. vika 16.-20. nóvember	Ljóð og dægurlög	Verkefni úr ljóðum og dægurlögum
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Ýmis verkefni	Ritunarverkefni 3
16. vika 30. nóvember-4. desember	Ýmis verkefni Stoðdagur	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Telma Rut Eiríksdóttir